

Einar M. Bjarnason  
Guðmundur M. Bjarnason  
Stórási 20  
210 GARÐABÆ

29. nóvember 2004

FEL04050018/16-1300

Vísað er til bréfa yðar sem dagsett eru 10. október 2004 og 17. nóvember 2004. Með bréfi sem dagsett er 9. nóvember 2004 var yður veittur frestur til að koma að frekari rökum fyrir því að ráðuneytið ætti að hlutast til um að þér fáið til eignar lóðina Brúnás 12, 210 Garðabæ, án endurgjalds. Í síðara bréfi yðar er ekki að finna rök sem leiða til þess að ráðuneytið geti endurmetið þá afstöðu sína sem yður var kynnt í áður nefndu bréfi, dags. 9. nóvember 2004, að ekki sé ástæða til þess að ráðuneytið láti málið til sín taka á grundvelli 102. eða 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Málinu er því vísað frá ráðuneytinu.

Ljóst er af bréfum yðar að þér teljið yður eiga lögvarða kröfu á því að fá til eignar lóðina Brúnás 12, 210 Garðabæ, án endurgjalds. Yður er bent á að ef þér hafið undir höndum aðfararheimild, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, getið þér leitað til sýslumanns og krafist aðfarargerðar, sbr. IV. þátt sömu laga. Ef þessi leið stendur yður ekki opin og ekki næst samkomulag við umrætt sveitarfélag er ekki annars úrkosti en að leita til dómstóla sem endanlega skera úr um réttmæti kröfu yðar. Hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands getur hann leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)  
G. Dýrleif Kristjánsdóttir (sign.)